



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR

um samvinnu deilda Háskóla Íslands (HÍ)
og Endurmenntunarstofnunar HÍ (EHÍ)
um einingabært nám á ábyrgð deilda HÍ

Bls. 1 af 2

Áb: Deildir HÍ og Endurmenntunarstofnun HÍ
Samb. í háskólaráði
5. október 2017
Málsnúmer: HÍ17110019

Samvinna háskóladeilda og EHÍ á meistarastigi

Í [23. gr. a laga nr. 85/2008](#) um opinbera háskóla, sbr. 11. grein laga nr. 50/2010 og 1. mgr. 64. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, er eftirfarandi skilgreining á hugtakinu endurmenntun:

Háskóla er heimilt að bjóða upp á endurmenntun þeirra sem hafa lokið háskólaprófi í þeim fræðum sem viðurkenning hans tekur til.

Með hugtakinu endurmenntun er í lögum þessum átti við eftirfarandi:

- Námskeið fyrir háskólamenntað fólk á fagsviðið þess.
- Viðbótarnám fyrir háskólamenntað fólk á þverfaglegum grunni sem miðar að skilgreindum námslokum eða prófgráðu.

Eitt af hlutverkum EHÍ samkvæmt 3. gr. reglna nr. 844/2001 er að þróa og bjóða lengra nám samhliða starfi.

Samvinna háskóladeilda og Endurmenntunar HÍ á grunnstigi

Samkvæmt [2. mgr. 64. gr. reglna nr. 569/2009](#), er háskóladeildum heimilt að bjóða upp á fræðslu fyrir almenning í þeim fræðum sem viðurkenning háskólans tekur til. Með hugtakinu fræðsla fyrir almenning er átt við eftirfarandi:

- fyrirlestrar, fræðsla, málstofur og námskeið um tiltekin málefni, sbr. einnig 65. gr.,
- einstök námskeið eða flokkur námskeiða sem myndað geta samstæða heild og eru á faglegri ábyrgð háskóladeilda og eftir atvikum metin til eininga. Slík námskeið eru einungis opin þeim er uppfylla inntökuskilyrði samkvæmt 47. gr. reglna þessara. Samstæð heild einingabærra námskeiða gegn gjaldi getur aldrei numið fleiri en 60 einingum.

Framkvæmd endurmenntunarnáms og námskeiða

Á grundvelli 3. tl. 3. mgr. 64. gr. reglna nr. 569/2009 er háskóladeild heimilt að semja við EHÍ um ákveðin framkvæmdaratriði endurmenntunarnáms og einstakra námskeiða að uppfylltum skilyrðum 3. mgr. 64. gr.

Verklag um samvinnu Endurmenntunar og háskóladeilda

- Háskóladeildum er heimilt að bjóða einingarbært nám sem fer fram á vettvangi Endurmenntunar.
- Um slíkt nám skal fjalla og það samþykkt á deildarfundi viðkomandi deildar.
- Háskóladeildir fá ekki þreyttar einingar fyrir þá nemendur sem stunda nám á vettvangi EHÍ.
- Ef um er að ræða fleiri en eitt námskeið sem mynda samstæða heild skal náminu skipað fagråd sem hefur það hlutverk að tryggja að kennsla og gæði náms séu í samræmi við sett markmið. Fagråd sér til þess að hæfisskilyrði kennara og inntökuskilyrði umsækjenda séu uppfyllt.
- Í fagráði sitja að jafnaði 3 fulltrúar, þar af tveir frá viðkomandi deild og einn utanaðkomandi, skipaðir á deildarfundi.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKLAGSREGLUR

um samvinnu deilda Háskóla Íslands (HÍ)
og Endurmenntunarstofnunar HÍ (EHÍ)
um einingabært nám á ábyrgð deilda HÍ

Bls. 2 af 2

Áb: Deildir HÍ og Endurmenntunarstofnun HÍ
Samþ. í háskólaráði
5. október 2017
Málsnúmer: HÍ17110019

- Samstæð heild einingabærra námskeiða á grunnstigi (bakkalár) gegn gjaldi getur ekki numið fleiri en 60 einingum, sbr. b. lið 2. mgr. 64. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009, og 30 einingum í 90 eininga námi á meistarastigi og 40 einingum í 120 eininga námi á meistarastigi, sbr. a. lið 1. mgr. 64. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009.
- Í hverju tilviki er gerður samstarfssamningur um einingarbært nám og þar skal m.a. koma fram
 - að um sé að ræða endurmenntunarnám í skilningi 64. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands,
 - inntökuskilyrði og hver tryggir að þau séu uppfyllt,
 - aðkoma og faglega ábyrgð deildar og hvaða starfsmenn beri ábyrgð á þeim hluta,
 - hvaða þáttum í framkvæmd námsins EHÍ hafi umsjón með (t.d. meðferð umsókna, skráning nemenda, uppgjör námskeiðs), hvaða starfsmaður/starfsmenn beri ábyrgð og hvernig námið sé auglýst á vegum EHÍ,
 - hvaða námskeið verði metin til eininga og hversu margra í heild,
 - hvort námið/námskeiðin séu hluti af hefðbundnu námi eða utan við hefðbundið nám.
- Ef um er að ræða einstök námskeið eða flokk námskeiða sem myndað geta samstæða heild skal leitað eftir staðfestingu háskólaráðs á endurmenntuninni, þar sem tilgreind eru meginsjónarmið við gjaldtöku vegna hennar og rökstuðningur fyrir upphæð gjaldsins.
- Ef um stök námskeið er að ræða leitar deild eftir almennu samþykki háskólaráðs til að bjóða þau sem endurmenntun og tilgreinir meginsjónarmið við gjaldtöku námskeiða og rökstuðningur fyrir upphæð gjaldsins.
- Samningsdrög skulu send kennsluviði til yfirlestrar fyrir undirritun.

Mismunandi þróunarferli náms

Nám á vegum EHÍ getur átt sér ólíkan þróunarferil, dæmi um slíkt er:

- Nám á fræðasviði deildar sem ekki rúmast innan starfsemi hennar, en talið er að þörf sé fyrir í samfélaginu.
- Þverfaglegt nám í samvinnu fleiri en einnar deildar.
- Tillögur koma frá samstarfsaðilum/sérfræðingum úr atvinnulífinu og eru síðan unnar áfram í samvinnu deildar og Endurmenntunar.

Gjaldtaka og umsýsla fjár

Um gjaldtöku vegna endurmenntunar og fræðslu fyrir almenning á vegum háskóladeilda fer eftir e. og f. lið 2. mgr. [24. gr. laga nr. 85/2008](#) um opinbera háskóla, sbr. einnig 64. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009. Samkvæmt greinargerð með 24. gr. laga um opinbera háskóla er undirstríkað að 2. mgr. feli í sér heimildir til töku þjónustugjalda sem ætlað er að mæta þeim tilkostnaði sem hlýst af því að veita umrædda þjónustu.

Verðlagning og kostnaður

Kostnaður við endurmenntunarnám og námskeið er mismunandi og tekur verðlagning mið af föstum og breytilegum kostnaði hverju sinni s.s. grunngjaldi sem samanstendur af kostnaði við þróun, markaðsetningu, húsnæði, umsýslu við hvert námskeið og umsýslugjaldi á hvern nemenda.